

Safnaðarblað Akraneskirkyju

Mars 2007 - 1. tbl. 8. árg.



110 ára vígsluafmæli kirkjunnar

Þess var minnst í hátíðarguðsþjónustu 20. ágúst sl. að 110 ár eru liðin frá því að Akraneskirky var vígð. Hún var vígð 23. ágúst 1896. Vígslubiskupinn í Skálholti, hr. Sigurður Sigurðarson, prédikaði. Sóknarprestur og sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur Borgfirðinga, þjónuðu fyrir altari. Sóknarnefndarfolk tók þátt í athöfninni og Kirkjukór Akraness söng.

Að guðsþjónustu lokinni var kirkjugestum boðið til kaffisamsetis í Safnaðarheimilinu Vínaminni. Þar voru kirkjunni afhent-



ar veglegar gjafir frá Akraneskaupstað og Kirkjunefnd kvenna í til efni tímamótanna. Fjöldmenn var við þessa hátíðarguðsþjónustu og veður með allra besta móti, einn af hlýjustu og sólríkustu dögum sumarsins!

Akraneskirky opnar heimasíðu

Akraneskirky hefur opnað heimasíðu. Það var gert með viðhöfn í Safnaðarheimilinu Vínaminni eftir guðsþjónustu 1. október sl. Heiðurskonan, Ragnheiður Guðbjartsdóttir, fyrrum formaður sóknarnefndar og starfsmaður kirkjunnar um árabil, ýtti á hnapp til að varpa síðunni út á veraldarvefinn. Táknrænt var



að fá Ragnheiði til að gera þetta. Hún er komin hátt á níræðisaldur og er af kynslóð sem ekki ólst upp við tölvur. Hún afhenti síðan formanni sóknarnefndar, Þjóðbirni Hannessyni, vefsíðuna til notkunar. Þar mættust fulltrúar tveggja tíma, hins gamla og nýja.

Akurnesingurinn, Bjarni Þór Ólafsson, á heiðurinn að uppsetningu og umbroti þessarar heimasíðu. Hann lagði mikla vinnu og alúð í þetta verk.

Á heimasíðu Akraneskirky kennir ýmissa grasa. Sjón er sögu ríkari! Gjörð svo vel að kynna ykkur hana! www.akraneskirky.is

Myndir á forsiðu

Talið að ofan, frá vinstri:

- 1) Við kirkjudyrr að lokinni hátíðarguðsþjónustu í tilefni af 110 ára afmæli Akraneskirky.
- 2) Lið sóknarprests sem keppti við fermingarbörnin í knattspyrnukappleik nú á vordögum ásamt Fjölu dómarka.
- 3) Þeir Þorgeir Ástvaldsson og Ragnar Bjarnason spiluðu og sungu í tónlistarguðsþjónustu 18. febrúar sl.
- 4) Halldór Lárusson leiðtogi í barna- og æskulýðsstarfi Akraneskirky.
- 5) Haraldur Sturlaugsson og Ingibjörg Pálmadóttir við nýtt píanó sem þau gáfu kirkjunni.
- 6) Fermingarbörn á námskeiði í Skálholti.
- 7) Þessi börn fermdust 18. mars sl.

Safnaðarblað Akraneskirky

1. tölublað 8. árg. Mars 2007.
Útgefandi: Akranessókn.
Umsjón: Eðvarð Ingólfsson (ábm),
Indriði Valdimarsson.
Ljósmyndir af fermingarbörnum:
Myndsmiðjan.
Prentun: Prentmet Vesturlands.
Gefið út í 2700 eintökum.



Þessi piltur, Hjörtur Björgvinsson, var fermdur einn síns liðs í Akraneskirky 8. október í fyrra. Hann dvelur tíma-bundið í Færeyjum ásamt fjölskyldu sinni.

Gjafir til kirkju og safnaðarheimilis

Akraneskirky fékk veglegar gjafir á 110 ára afmælisári sínu í fyrra.

Marínó Árnason, Dvalarheimilinu Höfða, gaf kirkjunni 500 þús. kr. til minningar um eiginkonu sína, Hansínu Guðmundsdóttur, og fósturmóður hennar, Valgerði Hansdóttur í Baldurshaga.

Kirkjunefnd kvenna færði kirkjunni að gjöf tvo kristalsvasa til að hafa á altari. Sömuléidis gaf kirkjunefndin 400 þús. kr. til kaupa á borðbúnaði fyrir safnaðarheimilið.

Allar þessar gjafir eru mikils metnar.



Marínó Árnason.

Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur:

Að eiga góða að

Við erum sköpuð til samfélags við aðra. Við erum félagsverur. Það er mikið til í hinu fornkveðna að „sorg tveggja er aðeins hálf sorg“ en „gleði tveggja er tvöföld gleði“. Auðveldara er að komast af í fallvöltum heimi ef við eigum góða að. Því skiptir það okkur öll miklu máli að eiga kærleiksríka fjölskyldu, trausta vini og alast upp í réttlátu þjóðfélagi. Við verðum alla tíð að reiða okkur á annað fólk og komumst í raun ekki af án þess. Við komumst ekki hjá að hafa samskipti við aðra, samskipti sem geta hvorttveggja í senn verið uppbyggileg og lýjandi.

Eg þekki aðeins eina persónu sem ekki þurfti að hafa nein samskipti við aðra og gat gert allt sem hugurinn girntist – en í stuttan tíma, reyndar. Það er hann Palli, söguhetjan í bókinni Palli var einn í heiminum.

Munið þið hvernig fór fyrir honum? Hann gat gert margt sem börnum er forboðið, því það var enginn til þess að banna honum neitt eða stöðva hann. Hann gekk inn í næstu sjoppu og fékk sér

magafylli af súkkulaði. Hann steig upp í stóran brunabíl, settist við stýrið og ók honum nokkurn spöl. Hann fór inn í næsta banka og tók þar fullan poka af peningum.

Palli var ósköp ánægður fyrst í stað af því að hann gat gert allt sem hann vildi.

En allir hátíðis- og gleðidagar taka enda! Palli fékk fljótt nóg af öllum vellystingunum. Honum fór að leiðast, hann saknaði leik-systkina sinna og foreldra. Og einn daginn, þegar hann var orðinn þreyttur á því að snúast í kringum sjálfan sig, ákvað hann að leita þau uppi. Hann steig upp í næstu flugvél, kom henni á loft – en hún hrapaði!

Og við það vaknaði Palli!

Þið getið rétt ímyndað ykkur hvað hann var feginn að þetta var bara draumur. Og mikið var hann glaður að sjá foreldra sína og vini aftur. Hann var hér eftir ekki í nokkrum vafa um að hann vildi miklu fremur vera án allra veraldlegra þæginda og margra kílóa af súkkulaði en vera án foreldra sinna og vina – ef því væri að skipta.



Sá er nú boðskapur þessarar litlu en merkilegu sögu. Hún á sannarlega erindi við marga þá sem taka þátt í lífsgæðakapphlaupi samtímans. Ekkert kemur í staðinn fyrir góða foreldra, systkini, vini og alla aðra sem gefa af sér. Farsæl mannleg samskipti verða ekki metin til fjár!

En það er ekki nóg að eiga góða fjölskyldu og vini. Trúin skiptir líka máli. Jesús Kristur vill fá að móta okkur til sinnar myndar; hann vill að góðvild og kærleikur ríki í samskiptum fólks, ekki bara í hugsun og orði heldur einnig verki. Þannig berum við birtu hans inn í þennan heim.

Gerum Jesú Krist að sonnum leiðtoga lífs okkar! Þá mun okkur farnast vel og þá mun heimurinn verða betri en hann er!

Djákni til starfa á Höfða

Ragnheiður Guðmundsdóttir hefur verið ráðin djákni í hlutastarf á Dvalarheimlinu Höfða. Hún var vígð í Dómkirkjunni 25. febrúar sl. Djákni sinnir annars vegar kærleiks- og líknarþjónustu, hins vegar fræðsluþjónustu.

Ragnheiður er fædd á kirkjustaðnum Innra-Hólmi 2. mars 1948. Hún hefur sungið þar með kirkjukórnum frá því að hún var

12 ára og verið formaður sóknarnefndar frá 1982, auk þess sem hún hefur séð um kirkjuna og kirkjugarðinn. Hún hefur starfað á Dvalarheimlinu Höfða í tæpa tvo áratugi við umönnun. Hún er sjúkraliði og stúdent að mennt frá FVA en vorið 2005 lauk hún BA-prófi í guðfræði-djáknafræði. Eiginmaður Ragnheiðar er Jón Hjálmarsson vélfræðingur og eiga þau 4 uppkomin börn.



Akranessöfnuður býður Ragnheiði innilega velkomna til starfa í söfnuðinum.

Kári Harðarson nýstúdent:

Ísland er okkar gjöf frá Guði!

Hátíðarræða í Akraneskkirkju 17. júní 2006

Í dag er 17. júní. Runninn upp okkar þjóðhátíðardagur. Það var sama dag árið 1811 sem Jón Sigurðsson fæddist. Í sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga var hann driffjöðurinn og eigum við honum mikið að þakka.

Sjálfstæðisbarátta okkar Íslendinga var síður en svo auðveld. Það má segja að hún hafi hafist við undirritun Gamla sáttmála er þjóðin gekkst á vald Noregskonungi. Fyrstu merki um að baráttan bæri einhvern árangur var svo að finna árið 1874 þegar ný stjórnarskrá tók gildi. Baráttan hélt áfram og náðust fleiri áfangar með tímanum. Árið 1904 tók við heima-stjórn og fyrsti íslenski ráðherrann tók við störfum. 1918 tóku sambandslögin gildi og kváðu þau á um að Ísland og Damörk væru frjáls og fullvalda ríki, í sambandi við einn og sama konung. Það var síðan þann 17. júní 1944 sem sjálfstæðinu var að fullu náð með stofnun lýðveldisins.

Það var vel við hæfi að þjóðhátíðardagurinn skyldi vera hafður á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar. Þó ber að hafa í huga að þó dagurinn sé tileinkaður honum er hann merki um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og ódrepani vilja til frelsis.

Ekki allar þjóðir ríkar

Frá því við Íslendingar fengum sjálfstæði hefur þjóðin eflst og dafnað og í dag er Ísland það land sem státar af mestri velmegun allra landa í heiminum. Heilsugæsla hér á landi er framúrskarandi, allir hafa atvinnu og jöfnuður meiri en

í flestum löndum hins vest-ræna heims. Svo má alls ekki gleyma að á Íslandi búa sterkustu karlmenn í heimi ásamt fallegasta kvenfólki í veröldinni.

Víða í heiminum eru þó þjóðir sem fá alltof fá tækifæri til að gleðjast, fólk sem þekkir ekkert annað en stríð og þær hörmungar sem því fylgir. Og þótt í dag sé dagur Íslendinga, þá skulum við samt hugsa til allra þeirra sem eiga um sárt að binda. Margir spyrja sig kannski hvers vegna háðar séu stýrjaldir og fólk beitt misrétti. Hvers vegna er ekki friður og réttlæti sem virðist vera mun einfaldari og betri leið. En svarið er ekki svo einfalt. Svo lengi sem fólk lærir ekki að bera virðingu hvert fyrir öðru, bera virðingu fyrir mismunandi þjóðernum, ólíkum hugsunum og menningu mun friðurinn seint verða fundinn. Við mannfólkið erum svo ólík og munum aldrei verða eins og aldrei hugsa eins. En það er af hinu góða því það er þessi fjölbreytni sem gefur lífinu gildi. Þegar við lítum til framtíðar gerum við það með von í brjósti um betri tíma á sviði friðar og jafnréttis.

Margur verður af aurum api!

Ætli framtíðin sé ekki ofarlega í huga þeirra sem útskrifuðust með mér 20. maí síðastliðinn? Nú stöndum við í þeim sporum, mörg hver í fyrsta sinn, að geta valið um



Kári Harðarson ásamt móðurafa sínum, sr. Birni Jónssyni, sem messaði í þjóðhátíðarguðs-þjónustunni.

hvað við ætlum að verða. Eflaust eru margir búnir að ákveða sig fyrir löngu síðan en sjálfsagt enn fleiri sem hafa ekki hugmynd um hvað þeir muni taka sér fyrir á komandi árum. Þegar ung börn eru spurð hvað þau ætli sér að gera í framtíðinni eru svörin oftast einföld; löggja, skipstjóri, flugfreyja, hárgreiðslukona og fleira í þeim dúr eru starfssvið sem heilla ungu kynslóðina. Eitt eru þó flestir sammála um en það er að verða nógu ríkur. Nú á dögum geta fáir Íslendingar hugsað sér að ganga í gegnum lífið án þess að eiga flotta íbúð, minnst tvo bíla og flatsjónvarp sem þekur heilu veggina. Efnishygga Íslendinga er eitthvað sem hefur farið mjög vaxandi á undanförunum

„Gott að geta orðið að liði“

Indriði Valdimarsson tekinn tali

Indriði Valdimarsson hefur starfað hjá Akraneskirks í 6 ár. Hann er skrifstofustjóri, kirkjugarðsvörður og útfararstjóri. Því er í mörg horn að líta hjá honum.

„Ég kann mjög vel við mig í þessu starfi,“ segir hann. „Samskipti við aðra eru mikil, bæði á gleði- og sorgarstundum. Skrifborðsvinnan er töluverð. Tölvasamskipti hafa aukist til muna hin síðari ár og skýrsluhald af ýmsu tagi.“

Heimasíðan vinsæl

Indriði er gjaldkeri bæði kirkjunnar og kirkjugarðsins og færir einnig bókhaldið. Ekki er langt síðan hann lauk við að skrá öll legstæði í kirkjugarðinum í tölvu frá árinu 1929 til dagsins í dag. Hægt er að finna þessar upplýsingar á vefslóðinni gardur.is og akranes-kirkja.is. Einnig vakir hann, ásamt sóknarpresti, yfir heimasíðu Akraneskirks og sér um að endurnýja þar upplýsingar.

„Heimasíðan fær á milli 40-60 heimsóknir að meðaltali á dag,“ segir Indriði. „Þar getur fólk komist í ýmskonar fróðleik um kirkjuna og safnaðarstarfið og fylgst með skírnum, hjónavígslum, útförum og fermingum. Við reynum að færa inn allar nýjar upplýsingar samdægurs. Mikilvægt er að hafa þær ferskar á forsíðunni, annars hættr fólk að fara inn á slóðina okkar.“

Miklar framkvæmdir hafa verið á síðustu árum, bæði í kirkju og kirkjugarði.

„Skipt var um kirkjuturn í maí

2002 eftir að nýr turn hafði verið smíðaður,“ segir Indriði. „Fyrir tæpum tveim árum voru gerðar miklar endurbætur innandyrna í kirkjunni, bekkjunum var t.a.m. breytt lítilllega og þeir bólstraðir á ný, gólfíð slípað og lakkað, skipt um teppi og svarta plussið á knéfallinu við grátturnar endurnýjað. Einnig var loftklæðningin í safnaðarheimilinu endurnýjuð og skipt um ljósastæði. Allt hefur þetta kostað sitt og því lítill sem enginn rekstrarafgangur verið á undanförunum árum. Okkur er vissulega í mun að halda vel við eignum kirkjunnar. Við þetta má bæta að í fyrra var sett heitavatnslögn undir nýju gangbrautina á milli kirkju og safnaðarheimilis. Bærinn kostaði þær framkvæmdir að hluta til.“

Umbætur í kirkjugarði

„Svo er það kirkjugarðurinn,“ heldur Indriði áfram. „Árið 2004 var samþykkt nýtt deiliskipulag. Þar er m.a. gert ráð fyrir svæðum fyrir duftker og fósturreiti og einnig óvígðum reit, þ.e. fyrir fólk sem er utan trúfélaga. Framkvæmdir hófust 2005 og er unnið í áföngum að því að breyta garðinum og fegra hann. Einnig er í undirbúningi að leggja nýja innkeyrslu. Í sumar er stefnt að enn meiri gróðursetningu en áður, gerð jarðvegsmana, hellulögn og malbikun. Ljóst er að núverandi greftrunarpláss verður uppurið innan fárra ára og þess vegna hefur kirkjugarðsstjórnin lagt áherslu á það við bæjaryfirvöld að hafist verði sem fyrst handa við skipulagningu nýs kirkjugarðs innan lögsögu Akraneskaupstaðar.“



Met í útförum

Á síðasta ári voru 55 útfarir frá Akraneskirks og hafa þær aldrei áður í sögu kirkjunnar verið svo margar. Útfararþjónusta Akraneskirks var með 50 af þessum útförum, aðrir aðilar með hinar fimm. Svo að ljóst er að mikið hefur mætt á útfararstjóra undanfarin misseri.

„Mörgu þarf að sinna þegar andlát ber að höndum,“ segir Indriði. „Aukist hefur að fólk biðji mig að aðstoða sig við að semja formálsorð um hinn látna til að birta í Morgunblaðinu og einnig að auglýsa andlát og útför. Vissulega er gott að geta létt undir með fólki á viðkvæmum og erfiðum tímamótum í lífi þess. Stundum er sagt að það sé fullt starf að vera syrgjandi. Því þykir manni alveg sjálfsagt að sinna mörgum litlum viðvikum líka. Í mínu starfi sem útfararstjóri legg ég mikla áherslu á að veita persónulega þjónustu sem einkennist af umhyggju og nærgætni. Alltaf er gott að geta orðið öðrum að liði! Það gefur mér mikið í þessu starfi,“ segir Indriði Valdimarsson að lokum.

árum. Fólk virðist setja samasemmerki milli þess að vera ríkur og hamingjusamur. En margur verður af aukum api, var eitt sinn sagt og bendi ég fólki á að láta ekki ginnast af peningum, því peningar kaupa ekki hamingju. Hamingjan felst í því að eiga góða fjölskyldu sem hægt er að finna væntumþykju hjá, eiga trausta vini sem bregðast ekki þegar eitthvað bjátar

á og síðast en ekki síst að vera sjálfstæður.

Jón Sigurðsson vissi svo sannarlega hvað hann var að gera þegar hann leiddi íslensku þjóðina í átt að sjálfstæði. Hann vissi hvers landar sínir væru megnugir, hann þekkti íslenska þrekið og eljuna, og það varð vísirinn að lífsstarfi hans. Með bjartsýni og þrótti vann

þjóðin sig yfir til bjartari tíma einhugs og sjálfstæðis. Megi sama eljan einkenna okkur áfram og með bjartsýni að leiðarljósi höldum við áfram gegnum lífið. Ísland er okkar gjöf frá Guði. Það er okkar skylda að gæta þess og lifa með því rétt eins og við höfum gert í aldanna rás.

Góðir Akurnesingar! Gleðilega þjóðhátíð!

Unga fólkið og kirkjan

Akranessöfnuður reynir að sinna ungu kynslóðinni eins og kostur er. Sunnudagaskólinn er ætlaður 6 ára börnum og yngri. Síðan er boðið upp á félagsstarf fyrir 7 til 9 ára (STN), 10 til 12 ára (TTT) og æskulýðsfélag fyrir 13 til 16 ára. Sunnudagaskólinn starfar í kirkjunni en aðrir aldurshópar funda í húsnæði KFUM og -K við Garðabraut.

Leiðtogi í barna- og æskulýðsstarfinu er Halldór Lárusson. Það starf er unnið í samvinnu við KFUM og K á Akranesi. Honum til halds og trausts eru margir aðstoðarleiðtogar.

Sunnudagaskólinn er kl. 11. Þar læra börnin bænir og vers, sagðar eru sögur, sungnir léttir og skemmtilegir barnasálmar, sýnd brúðuleikrit og fönðrað – og börnin frædd um trúna. Með Halldóri í þessu starfi eru þau Árný, Axel, Sahara Rós og Tanja Rós.

Fundir í STN (7 til 9 ára starf-



Stúlnakór Akraneskirky söng ásamt hinni vinsælu Brieti Sunnu á Æskulýðsdegi Akraneskirky 11. mars sl.

inu) eru kl. 14 á miðvikudögum. Byrjað er í leiktækjunum og spilunum en síðan hefst söngurinn ásamt sögum og leikjum. Í góðu veðri er farið í útileiki af ýmsu tagi. Aðstoðarleiðtogi er Súsanna Steinþórsdóttir.

TTT-starfið (10-12 ára) er á mánudögum kl. 17. Fjöldi þeirra sem sækja fundina hefur margfald-

ast frá því í fyrra og er sérstaklega ánægjulegt að sjá alla strákana sem nú mæta og taka þátt í starfinu af lífi og sál ásamt stelpunum. Söngur, leikir, sögur, skautuferðir og Ölversferðir eru á meðal þess sem er á dagskránni í vetur. Þess má geta að TTT mun taka þátt í uppfærslu söngleiks á Sæludögum í Vatnaskógi um næstu verslunar-





mannahelgi. Aðstoðarleiðtogi í TTT-starfinu er Írena Jónsdóttir.

Æskulýðsfélagið fundar á mánudagskvöldum kl. 20. Húsið er opnað hálf tíma fyrir og þá er hart barist í borðtennis og billjarði. 40 til 70 ungmenni mæta að jafnaði á fundina. Tekið er fyrir gott og uppbyggilegt efni og fylgja því alltaf fjörugar umræður. Ferðir og ferðalög eru á dagskrá, m.a. heim-sóknir til unglingahópa í Reykjavík. Auk Írenu og Halldórs mæta þeir Örn og Gaukur til að leika snilldartónlist eins og þeim er einum lagið.

Að síðustu má geta þess að tveir ungmennakórar starfa í söfnuðinum, Barnakórinn og Stúlkakórinn. Sveinn Arnar Sæmundsson organisti leiðir það kórastarf.

Á þessari upptalningu má sjá að fjölbreytilegt félagsstarf er í boði fyrir ungu kynslóðina í Akranessöfnuði.



Hjónavígslur í Garða- prestakalli 2006



Þau Valdís og Stefniir Örn giftu sig 11. mars.

- 25. febr.: Gunnar Ólafsson og Elfa Sif Ingimarsdóttir, Vesturgötu 67.
- 11. mars: Stefniir Örn Sigmarsson og Valdís Eyjólfssdóttir, Bakkatúni 6.
- 15. apríl: Jóhannes Kristján Ármannsson og Katrín Arna Ólafsdóttir, Steinsstaðafliót 25.
- 20. maí: Stephen John Watt og Valey Benediktsdóttir, Vesturgötu 32.
- 21. maí: Guðmundur Annel Ragnarsson og Mahder Zewdu Kebede, Fákaleiru 2c, Höfn í Hornafirði.
- 27. maí: Jan-Willem Hendrik Rulkens og Nína Gréta Árný Woudstra, Hollandi.
- 3. júní: Arnar Geir Magnússon og Harpa Hannesdóttir, Skarðsbraut 15.
- 10. júní: Jóhannes Karl Guðjónsson og Jófríður María Guðlaugsdóttir, Englandi.
- 10. júní: Guðmundur Svanberg Sveinsson og Hanna Þóra Guðbrandsdóttir, Reyrengi 12, Reykjavík.
- 17. júní: Svavar Ingbórsson og Þórey Jónsdóttir, Prastarhöfða 6, Mosfellsbæ.
- 8. júlí: Dagbjartur Kristinn Vilhjálmsson og Þórdís Sveinsdóttir, Breiðuvík 2, Reykjavík.
- 8. júlí: Höskuldur Steinar Haraldsson og Sigrún Íris Traustadóttir, Stekkjarholti 14, Akranesi.
- 15. júlí: Hjalti Kristjánsson og Sveinbjörg Snekkja Jóhannesdóttir, Jörundarholti 11.
- 17. júlí: Jóhann Þór Sigurðsson og Fjóla Lúðvíksdóttir, Vesturgötu 63a.
- 22. júlí: Jakob Baldursson og Sandra Brá Guðnadóttir, Melteigi 16b.
- 22. júlí: Sigurður Teitur Halldórsson og Watinee Chompoopetch, Laugarbraut 17.
- 22. júlí: Sigþór Ómarsson og Ragnheiður Þóra Benediktsdóttir, Einigrund 16.
- 12. ágúst: Sólberg Fannar Sólbjartsson og Erla Ösp Lárusdóttir, Dalbraut 37.
- 19. ágúst: Sveinn Arnar Sæmundsson og Þórgunnur Stefánsdóttir, Háholti 31.
- 26. ágúst: Jóhann Steinar Guðmundsson og Álfheiður Ágústssdóttir, Stekkjarholti 2.
- 2. sept.: Finnþogi Jónsson og Kristín Ósk Halldórsdóttir, Grenigrund 24.
- 9. sept.: Helgi Björn Hjaltsted og Linda Vernharðsdóttir, Skólalbraut 37.
- 4. nóv.: Bjarki Georgsson og Sigríður Lára Guðbjartsdóttir, Vogabaut 40.
- 11. nóv.: Ingimundur Sigfússon og Hjördís Árnadóttir, Vesturgötu 65.
- 30. des.: Aðalgeir Jónasson og Lilja Lind Sturlaugsdóttir, Einigrund 10.

Sveinn Arnar Sæmundsson organisti:

Vel heppnuð ferð til Kanaríeyja



Í maí í fyrra kviknaði sú hugmynd í afmæli hjá Jóni Gunnari Axelssyni, núverandi formanni Kórs Akraneskirkyju, að kórinn færi í söngferð til Kanarí. Skömmu síðar sendi ég tölvupóst til sr. Jónu Lísu Þorsteinsdóttur sem er prestur í sjálfbodaðastarfi og fararstjóri þar ytra og viðraði þessa hugmynd við hana. Hún tók afar vel í hana og því næst var vilji kórfélaga kannaður og kom í ljós að áhugi var mikill á þessari ferð.

Einungis sex kórfélagar sáu sér ekki fært að fara með. Það voru því 36 félagar úr kórnum sem lögðu af stað í vikuferð þann 27. febrúar sl. ásamt mökum og fylgifiskum, samtals 66 manns. Það var mikil stemmning í hópnum og veðrið lék við okkur þegar við lentum á flugvöllinum í Las Palmas eftir rúmlega fimm tíma flug. Þaðan var haldið á hótelið sem staðsett er á Playa Meloneras og nefnist H 10. Sr. Jóna Lísa tók á móti okkur með bros á vör og fylgdi okkur á hótelið. Það sem eftir lifði dags hvíldi fólk lúin bein og naut veðurbliðunnar og þess sem hótelið og nágrenni þess hafði upp á að bjóða.

Sungið við guðspjónustu

Miðvikudaginn 28. febrúar var sungið við guðspjónustu í Templo Ecumenico. Þetta er falleg kirkja við ensku ströndina og þar er Jóna Lísa með guðspjónustur. Í kirkjunna mættu um 350 manns og var þetta áhrifamikil stund. Kórinn leiddi sönginn, auk þess að syngja tvö tónverk og það stóð ekki á

kirkjugestum að syngja með. Ég held hreinlega að þeir hafi nánast allir tekið undir í söngnum og það var mikil upplifun fyrir mig sem organista að fá að leika undir slíkan fjöldasöng. Reyndar var orgelið ekki upp á sitt besta en Kristín Sigurjónsdóttir lék einnig undir á fíðlu og styrkti það undirleikinn.

Fimmtudagurinn fór í algjöra afslöppun og notið var sólar. Stóri dagurinn var föstudagurinn 2. mars. Um kl. 9 um morguninn hélt kórinn af stað með Jónu Lísu á markað í litlum bæ sem heitir Mogan. Þar spígsporuðum við um í tvo klukkutíma og síðan var siglt frá Mogan til annars bæjar sem heitir Puerto Rico. Var þetta um klukkutíma sigling og nú hafði bæst við fararstjóri frá Akranesi, Kjartan Trausti Sigurðsson frá Geirsstöðum. Urðu miklir fagnaðarfundir því margir í hópnum þekkja vel til hans. Í Puerto Rico

beið rúta eftir okkur og þaðan var haldið í kirkjuna á æfingu fyrir tónleikana sem voru um kvöldið. Við fengum þar hálfa aðra klukkustund til æfingar og gekk hún afar vel. Hljómburðurinn í kirkjunni er mjög góður, auk þess sem kórinn er í hörkugóðu formi um þessar mundir.

Allt ætlaði um koll að keyra!

Efnisskrá kórsins samanstóð af íslenskum ættjarðar- og alþýðulögum, auk þess sem dægurlög komu mikið við sögu. Með okkur í för voru hljóðfæraleikararnir Viðar Guðmundsson píanóleikari, Örn Arnarson gítarleikari og Guðmundur Pálsson bassaleikari. Frábærir hljóðfæraleikarar og hrein forréttindi að hafa slíka menn í hópnum! Tónleikarnir áttu að hefjast klukkan 20:30 um kvöldið og því héldum við af stað í tíma og vorum komin í kirkjuna kl. 19:45.



Mörg tár féllu á hvarma þegar Sigursteinn Hákonarson söng Angelíu.

Hugmyndin var að ná þar góðri upphitun og stilla kórnum aðeins betur upp. En það má segja að kirkjan hafi verið nánast full af fólki þegar við komum á svæðið og því engan veginn hægt að framkvæma þessa hluti. Skemmst er frá því að segja að kirkjan troðfylltist! Í henni voru a.m.k. 400 manns og það sem verra var að á annað hundrað manns þurfti frá að hverfa. Kórinn söng því 3 lög á tröppunum fyrir utan kirkjuna fyrir tónleikana og var okkur vel fagnað fyrir það framtak. Svo hófust tónleikarnir og það er skemmst frá því að segja að viðtökur voru stórkostlegar. Allt ætlaði um koll að keyra þegar Steini steig á stökk og söng Angelíu með kórnum. Fólk stóð upp og klappaði og blístraði. Og þannig var stemmningin til enda. Mér fannst á svipnum á Steina að hann vissi hreinlega ekki hvaðan á sig stæði veðrið. Og það sama má segja um hina einsöngvarana tvo, skólasystkinin og jafnaldrana, Jón Gunnar Axelsson og Þórgunni Stefánsdóttur. Þau voru að stíga sín fyrstu skref og því lík prófraun fyrir framan allan þennan fjölda. Þau stóðu sig frábærlega og fengu mikið lof fyrir söng sinn.

Stoltur af kórnum!

Kór Akraneskirkyju er skipaður góðu söngfólki. Blanda af reynslumiklu kórfólki og óreyndara. Við höfum náð að stilla vel saman strengi og kórinn í mikilli framför. Og sú reynsla að syngja fyrir allan



Frá tónleikum Kórs Akraneskirkyju á Kanarí.

þennan fjölda og þessar frábæru viðtökur gera ekkert annað en styrkja okkur í starfinu.

Það sem eftir lifði ferðar var algjör slökun. Sumir fóru í verslunarferð til Las Palmas og í hella skoðun á milli þess sem legið var í sólbaði. Og sumir lágu bara eingöngu í sólbaði það sem eftir var. Á hótelinu okkar var frábær aðstaða fyrir sóldýrkendur og ekki skemmdi veðrið fyrir; sól og blíða upp á hvern dag og 25-27 stiga hiti.

Haldið var heim aftur þriðjudaginn 6. mars og það var ánægður og glaður hópur sem mætti í sína heimabyggð seint um kvöldið. Þessi ferð verður mér ógleymanleg og ég er gríðarlega stoltur af kórnum okkar. Það eru fáir sem gera

sér grein fyrir þeirri vinnu sem kórfélagar leggja í þetta áhugamál sitt. Í svona starfi þarf félagslegi þátturinn að vera öflugur og það er hann svo sannarlega. Einnig var gaman að sjá hvað makar og aðrir fylgifiskar voru ánægðir og lifguðu svo sannarlega upp á stemninguna. Sr. Jóna Lís Þorsteinsdóttir er yndisleg kona sem ég hef þekkt frá því að ég vann með henni norður á Akureyri. Hún var okkur innan handar, greiddi götu okkar og veitti okkur tækifæri til að upplifa stórkostlegar stundir í helgidómi þarna ytra.

Ég vil þakka Kór Akraneskirkyju og öðrum ferðafélögum fyrir frábæra daga á Kanarí og hlakka til að takast á við fleiri verkefni í framtíðinni með þeim.



Rausnarlegar gjafir

Fyrir stuttu gáfu hjónin Haraldur Sturlaugsson og Ingibjörg Pálmadóttir Akraneskirky myndarlegar gjafir; nýtt píanó og hljómborð. Auk þess styrktu



þau líknar- og hjálparsjóð kirkjunnar rausnarlega. Þessar gjafir eru að andvirði rúmlega einnar milljónar króna. Það er þó ekki upphæðin sem er aðaltriði heldur sá góði hugur og sú mikla velvild sem birtist í gjöfum þessum í garð kirkju og kristni.

Gjafir þessar voru afhentar í tónlistarguðsþjónustu 18. febrúar sl. Það vill svo til að þann dag var nákvæmlega ein öld liðin frá því að afi Haraldar og nafni, Haraldur Böðvarsson, fékk íslenskt fiskveiðaskírteini, eins og það var kallað, fyrir fyrsta bát sinn, sexæringinn Helgu Maríu. Með þeirri útgerð var lagður grunnur að því veldi sem fyrirtæki Haraldar Böðvarssonar varð síðar. Þess má geta hér til gamans að Ingibjörg Pálmadóttir á einmitt afmæli þennan sama dag.

Við þökkum þeim hjónum enn og aftur góðar gjafir til kirkju sinnar – um leið og við minnumst Haraldar Böðvarssonar í virðingu og auðmýkt fyrir mikilvægt og dýrmætt framlag til athafnalífs í þessum bæ.



*Fermingarbörn í Akraneskirky sunnudaginn 19. mars 2006 kl. 14.
Með þeim á myndinni eru sr. Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur, sem fermdi
og sr. Björn Jónsson, fyrrv. sóknarprestur, sem aðstoðaði við útteilingu altarissakramentis.*



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 26. mars 2006 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 26. mars 2006 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 2. apríl 2006 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 2. apríl 2006 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 9. apríl 2006 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 9. apríl 2006 kl. 14.

Fermingarbörn á Akranesi 2007

Sunnudagur 18. mars, kl. 10.30:

Arnór Kristinn Hjálmarsson, Furugrund 39.
(For.: Guðrún Einarisdóttir og Hjálmar Rögnvaldsson)
Arnór Freyr Símonarson, Sunnuþraut 10.
(For.: Ingibjörg Vigdís Sigurðardóttir og Símon Hreinsson.
Fósturf.: Ari Benediktsson)
Benedikt Valur Arnason, Espigrund 7.
(For.: Rannveig Lydia Benediktsdóttir og Árni Þór Halldórsson)
Berglind Hrönn Einarisdóttir, Akurprýði.
(For.: Anna Guðfinna Barðadóttir og Einar Ottó Einarsson)
Birta Stefánsdóttir, Jörundarholti 230.
(For.: Ingibjörg Eggertsdóttir og Stefán Skjaldarson)
Dagmar Elsa Jónasdóttir, Jörundarholti 104.
(For.: Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir og Jónas Geirsson)
Daniel Magnússon, Höfðabraut 16.
(For.: Jóhanna Guðjónsdóttir og Magnús Guðmundsson)
Gísli Þór Gíslason, Einigrund 11.
(For.: Margrét Berglind Olafsdóttir og Gísli Geirsson)
Gunnar Eyþór Mýrdal Hreinsson, Stekkjarholti 18.
(For.: Ása Mýrdal og Hreinn Gunnarsson)
Hafdís Ingimarsdóttir, Hólmaflöt 2.
(For.: Brynja Helgadóttir og Ingimar Magnússon)
Haukur Atli Hjálmarsson, Stekkjarholti 14.
(For.: Ingibjörg Kristín Barðadóttir og Hjálmar Hauksson.
Fósturf.: Bjarni Ingi Björnsson)
Höskuldur Heiðar Höskuldsson, Eyrarflöt 2.
(For.: Unnur S. Jónsdóttir og † Höskuldur Heiðar Bjarnason)
Lilja Rut Bjarnadóttir, Steinsstaðflöt 10.
(For.: Birna Júlíusdóttir og Bjarni Axelsson)
Ragnhildur Ragnarsdóttir, Stíllholti 3.
(For.: Gunnhildur Knútsdóttir og Ragnar Hjörleifsson)

Sunnudagur 18. mars, kl. 14:

Anton Logi Helgason, Vesturgötu 127.
(For.: Anna Sigfríður Reynisdóttir og Helgi Ólafur Jakobsson)
Arnór Elís Kristjánsson, Skólabraut 35.
(For.: Birna Þorbergsdóttir og Kristján Dúi Benediktsson)
Ásdís Guðný Pétursdóttir, Vesturgötu 71.
(For.: Kristín Guðmundsdóttir og Pétur Björnsson)
Bjarni Kristinn Egilsson, Merkurteigi 10.
(For.: Júlíana Rut Jónsdóttir og Egill H. Jónasson.
Fósturf.: Jónas H. Birgisson)
Erla Dís Torfadóttir, Vesturgötu 142.
(For.: Ósk Jónsdóttir og Torfi Sigurjón Einarsson)
Gunnar Ágúst Ómarsson, Sunnuþraut 30.
(For.: Sigurbjörg Jóhannsdóttir og Ómar Traustason)
Hugrún Eva Haraldsdóttir, Mánabraut 5.
(For.: Ásta Hrönn Jónsdóttir og Haraldur Aðalsteinsson.
Fósturf.: Björn Gunnar Pálsson)
Íris Tinna Ingólfsdóttir, Stíllholti 15.
(For.: Guðný Sjöfn Sigurðardóttir og Ingólfur Valdimarsson)
Jón Pétur Vilhelmsen, Grenigrund 16.
(For.: Soffía Margrét Pétursdóttir og Vilhelm Jónsson)
Karen Gréta Minney Pétursdóttir, Einigrund 4.
(For.: Stefanía Guðmunda Sigurðardóttir og Sigurður Pétur Svanbergsson)
Kolbrún Ösp Stefánsdóttir, Akurgerði 22.
(For.: Júlíana Áskelsdóttir og Stefán Jóhann Grétarsson.
Fósturf.: Valdimar Bjarni Guðmundsson)
Sigurður Búi Rafnsson, Skarðsbraut 13.
(For.: Guðný Rún Sigurðard. og Finnþogi Rafn Guðmundsson)

Teitur Pétursson, Háholti 31.

(For.: Þórgunnur Stefánsdóttir og Pétur Hafsteinn Ingólfsson.
Fósturf.: Sveinn Arnar Sæmundsson)

Sunnudagur 25. mars, kl. 10.30:

Anton Örn Rúnarsson, Einigrund 4.
(For.: Hrefna Ingólfsdóttir og Rúnar Gunnarsson)
Elísa Valdís Einarisdóttir, Jörundarholti 5.
(For.: Inga Lilja Guðjónsdóttir og Einar Indriði Maríasson)
Eva Kristín Sigurðardóttir, Stekkjarholti 4.
(For.: Guðfinna Valdimarsdóttir og Sigurður Jóhann Hauksson)
Guðrún Valdís Jónsdóttir, Vesturgötu 105.
(For.: Sigríður Kr. Valdimarsdóttir og Jón Helgason)
Hafþór Freyr Hjálmarsson, Vallholti 11.
(For.: Eyrún Sigríður Sigurðardóttir og Hjálmur Þorsteinn Sigurðsson)
Halldór Bjarki Ólafsson, Jörundarholti 112.
(For.: Guðný Þ. Ólafsdóttir og Ólafur Þ. Hauksson)
Heiðrún Sara Guðmundsdóttir, Vallholti 15.
(For.: Ásta Björk Arngrímsdóttir og Guðmundur Kristján Sigurbjörnsson)
Kristján Valur Jóhannsson, Garðabraut 19.
(For.: Marta Valsdóttir og Jóhann Kristján Kristjánsson.
Fósturf.: Elías Kristján Þorsteinsson)
Sigríður Edda Valdimarsdóttir, Viðigrund 13.
(For.: Sigríður Ellen Blumenstein og Valdimar Eyjólfsson)
Sigrún Lóa Þorsteinsdóttir, Vitateigi 1.
(For.: Dröfn Traustadóttir og Þorsteinn Bárður Sigurgeirsson)
Þorbergur Maron Hjálmarsson, Suðurgötu 16.
(For.: Sigurósk R. Aðalsteinsdóttir og Hjálmar Þ. Þorbergsson
Fósturf.: Skúli Hreinn Guðbjörnsson)

Sunnudagur 25. mars, kl. 14:

Alexander Egill Guðmundsson, Jörundarholti 42.
(For.: Arndís Þorsteinsdóttir og Guðmundur Egill Ragnarsson)
Birkir Hrafn Vilhjálmsson, Bjarkargrund 47.
(For.: Bára Valdís Ármannsdóttir og Vilhjálmur Gíslason)
Elvar Jónsson, Esjuvöllum 5.
(For.: Arnþrúður Kristjánsdóttir og Jón Ellert Guðnason)
Hafþór Ingi Pálsson, Höfðabraut 8.
(For.: Gunnvör Braga Jónsdóttir og Páll Þorgeir Matthíasson)
Helga Björg Prastardóttir, Jörundarholti 192.
(For.: Sigríður Guðlaug Ólafsdóttir og Þróstur Reynisson)
Katla Rún Baldursdóttir, Grenigrund 30.
(For.: Ása Birna Viðarsdóttir og Baldur Þór Ketilsson)
Oddur Andrés Guðsteinsson, Jörundarholti 124.
(For.: Pálína Straumberg Pálsdóttir og Guðsteinn Oddsson)
Olgeir Sölvi Karvelsson, Skarðsbraut 2.
(For.: Hrefna Sigurðardóttir og Karvel Lindberg Karvelsson)
Silja Sif Engilbertsdóttir, Brekkubraut 19.
(For.: Ingunn Viðarsdóttir og Engilbert Þórðarson)
Steinunn Inga Guðmundsdóttir, Suðurgötu 27.
(For.: Jónína Björg Magnúsdóttir og Guðmundur Sigurðsson)
Teitur Arason, Heiðarbraut 58.
(For.: Jóhanna Fjóra Jóhannsdóttir og Ari Jón Jóhannesson)
Unnar Freyr Jónsson, Vesturgötu 93.
(For.: † Thelma Gígja Kristjánsdóttir og Jón Valgeir Pálsson.
Fósturm. Sigurdís Ösp Sigurðardóttir)
Valdís Rut Jónsdóttir, Dalsflöt 7.
(For.: Vilborg Viðarsdóttir og Jón Bjarni Jónsson)

Sunnudagur 1. apríl, kl. 10.30:

Daniel Rodrigues Jónsson, Reynigrund 47.
(For.: María Antonía de Sa Rodrigues og Jón Elías Jónsson)
Emilia Halldórsdóttir, Jörundarholti 121.
(For.: Petrea Emillía Pétursdóttir og Halldór Stefánsson)
Eyþór Örn Gunnarsson, Garðabraut 9.
(For.: Sesselja Ingimundardóttir og Gunnar Guðmundsson)
Gísli Rúnar Einarsson, Vogabraut 14.
(For.: Margrét Þóra Jónsdóttir og Einar Sigurdór Sigurðsson)
Guðjón Jósef Baldursson, Sunnubraut 9.
(For.: Ásta Huld Jónsdóttir og † Baldur Jósef Jósefsson. Fósturf.: Árni Sigfússon)
Hallbera Rún Þórðardóttir, Jörundarholti 194.
(For.: Málfríður Hrönn Ríkharðsdóttir og Þórður Elíasson)
Heimir Snær Sveinsson, Vesturgötu 165.
(For.: Halldóra Kristín Guðmundsdóttir og Sveinn Rafn Ingason)
Linda Ýr Stefánsdóttir, Skagabraut 42.
(For.: Theodóra Jóhannsdóttir og Stefán Ragnar Ragnarsson)
Pálmi Gunnlaugsson, Bjarkargrund 17.
(For.: Rut Karol Hinriksdóttir og Gunnlaugur Pálmason)
Rakel Anna Knappett, Melteigi 10.
(For.: Ólöf Kristín Ásgeirsdóttir og Timothy Andrew Knappett)
Sigríður Lóa Björnsdóttir, Einigrund 25.
(For.: Sigurveig Sigurðardóttir og Björn Þráinn Þórðarson)
Snædis Björk Líndal Sigurðardóttir, Dalbraut 33.
(For.: Ásdís Líndal Finnbogadóttir og Sigurður Sævarsson)

Sunnudagur 1. apríl, kl. 14:

Anna Halldórsdóttir, Suðurgötu 72.
(For.: Sigríður Birgisdóttir og Halldór Jósef Kristófersson)
Bjarni Kristmann Einarsson, Asabraut 3.
(For.: Sigríður Ása Bjarnadóttir og Einar Baldvin Helgason)
Bjarni Maron Sigurðsson, Heiðarbraut 39.
(For.: Ágústa Árnadóttir og Sigurður Halldór Bjarnason)
Guðlaug Marín Gunnarsdóttir, Steinsstaðaföt 6.
(For.: Lilja Halldórsdóttir og Gunnar Freyr Hafsteinsson)
Gylfi Veigar Reykþjörð Gylfason, Esjubraut 13.
(For.: Fjóra Katrín Ásgeirsdóttir og Gylfi Reynir Guðmundsson)
Hafdis Erla Helgadóttir, Hjarðarholti 16.
(For.: Helga Margrét Arnardóttir og Helgi Hauksson)
Harpa Hólm Heimisdóttir, Einigrund 11.
(For.: Sigþóra Ævarsdóttir og Heimir Hallsson)
Kristófer Arnar Júlíusson, Vesturgötu 113.
(For.: Valdís Sigurðardóttir og Júlíus Valdimar Finnbogason. Fósturf.: Sveinn Ragnar Jörundsson)
Kristrún Skúladóttir, Hólmaflöt 3.
(For.: Lilja Kristófersdóttir og Skúli Bergmann Garðarsson)
Lilja Guðríður Halldórsdóttir, Mánabraut 6a.
(For.: Birna Aðalsteina Pálsdóttir og Halldór Rúnar Einarsson)
Linda Hrönn Óðinsdóttir, Grenigrund 37.
(For.: Helga Sigurðardóttir og Óðinn Þór Hallgrímsson)
Pálmi Snær Hlynsson, Brekkubraut 5.
(For.: Marta Dögg Pálmadóttir og Hlynur Gunnarsson)
Ragnheiður Ásta Brynjólfssdóttir, Reynigrund 43.
(For.: Inga D. Steinþórsdóttir og Brynjólfur Jónsson)
Rósa Lilja Sigmundsdóttir, Brekkubraut 13.
(For.: Fjóra Valgerður Bergland og Sigmundur Guðmundsson. Fósturf.: Ingvar Lúðvík Guðbjörnsson)
Snorri Sturluson, Bakkatúni 16.
(For.: Hólmfríður Sigurðardóttir og Sturla Aðalsteinsson)
Tóbiás Bergmann Sóleyjarson, Höfðabraut 16.
(For.: Sóley Bergmann Kjartansdóttir og Curt Peter Mikael Angefur)

Sunnudagur 15. apríl, kl. 14:

Alexander Maron Þorleifsson, Kirkjubraut 60.
(For.: Jónína Rakel Gísladóttir og Þorleifur Rúnar Örnólfsson)
Einar Þór Gunnarsson, Grenigrund 43.
(For.: Marta Ester Einarsdóttir og Gunnar Rúnar Gunnarsson)
Erla Katrín Kjartansdóttir, Suðurgötu 25.
(For.: Sigurbjörg Helga Skúladóttir og Kjartan Ágúst Aðalsteins-son)
Eydís Sunna Ægisdóttir, Steinsstaðaföt 4.
(For.: Sigríður Björk Kristinsdóttir og Ægir Jóhannsson)
Heiður Heimisdóttir, Steinsstaðaföt 15.
(For.: Guðlaug Sigríksdóttir og Heimir Björgvinsson)
Inga Elín Cryer, Smáraflöt 5.
(For.: Sigurlaug Karen Guðmundsdóttir og Steven Antony Cryer. Fósturf.: Jón Gunnar Ingibergsson)
Ína Sigrún Rúnarsdóttir, Furugrund 10.
(For.: Dóra Björk Scott og Rúnar Þór Gunnarsson. Fósturf.: Lárus Hjaltested)
Jón Unnar Guðmundsson, Furugrund 44.
(For.: Ingibjörg Jónsdóttir og Guðmundur Sæmundsson)
Kristín Björk Lárusdóttir, Furugrund 12.
(For.: Sveinborg Lára Kristjánsdóttir og Lárus Ársælsson)
Kristófer Ernir Stefánsson, Brekkubraut 21.
(For.: Ragnhildur Edda Jónsdóttir og Stefán Þór Þórisson)
Ósk Hjartardóttir, Einigrund 4.
(For.: Kristín Ósk Guðmundsdóttir og Hjörtur Líndal Guðnason)
Petrea Hjartardóttir, Einigrund 4.
(For.: Kristín Ósk Guðmundsdóttir og Hjörtur Líndal Guðnason)
Sigrún Eva Ármannsdóttir, Jörundarholti 141.
(For.: Margrét Snorradóttir og Ármann Hauksson)
Þorvaldur Kristjánsson, Vesturgötu 45.
(For.: Margrét Þorvaldsdóttir og Kristján H. Kristjánsson)
Þóra Björk Ingimundardóttir, Einigrund 2.
(For.: Sif Ólafsdóttir og Ingimundur Óskarsson)
Alexandra Björk Guðmundsdóttir, Furugrund 33.
(For.: Helga Sigvaldadóttir og Guðmundur Friðriksson)
Friðrik Arthúr Guðmundsson, Furugrund 33.
(For.: Helga Sigvaldadóttir og Guðmundur Friðriksson)
Sigvaldi Ágúst Guðmundsson, Furugrund 33.
(For.: Helga Sigvaldadóttir og Guðmundur Friðriksson)

Sunnudagur 19. ágúst kl. 14:

Kristófer Már Maronsson, Garðabraut 20.
(For.: Kristín Mjöll Guðjónsdóttir og Maron Kristófersson. Fósturf.: Baldvin Bjarki Baldvinsson)

STRANDAKIRKJA:**Sunnudagur 20. maí:**

Valgerður Elsa Jóhannsdóttir, Vesturgötu 70.
(For.: Kristín Svafa Gunnarsdóttir og Jóhann Geir Sveinsson)

ÓLAFSFJARDARKIRKJA:**Sunnudagur 27. maí:**

Hulda Margrét Brynjarsdóttir, Einigrund 9
(For.: S. Þyrí Stefánsdóttir og Brynjar Sæmundsson)

Myndir úr ýmsum áttum



Fjóla Lúðvíksdóttir, aðstoðarkona í safnaðarheimili, og hinn þjóðkunni dagurlagasöngvari, Sigursteinn Hákonarson. Hann syngur með Kór Akraneskirkyu.



Tveir knáir piltar í sunnudagaskólanum.



Þeir félagar, Helgi Seljan fyrrv. alþingismaður og Sigurður Jónsson tannlæknir, hafa komið tvisvar til að skemmta í opnu húsi fyrir eldri borgara í Akraneskirkyu og hreinlega „slegið í gegn.“



Á hverju vori keppir lið sóknarprests við feringarbörnin. Sr. Eðvarð, Fjóla dómari og Indriði útfararstjóri kasta mæðinni að loknum leik fyrir skömmu.



Líf og fjör í sunnudagaskólanum.



Félagar úr kirkjukórnum njóta sólar rétt fyrir hátíðarguðsþjónustu vegna 110 ára afmælis Akraneskirkyu í ágúst í fyrra.